Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands 14. árg. 2005 2. tbl.

Afmæli félagsins og félagasöfnun

Fyrirtæki sem styðja afmælishaldið

75 ár afmæli SÍ í Vinaskógi

SÍ flytur á nýjan stað

Íslandsmeistari í skógarhöggi

Vestmannaeyjar

Trjásafn opnað á Sólheimum

Pokasjóður úthlutar

Leiðbeiningar um nýræktun skóga opnaðar á vefnum

Skógræktarfélag Rangæinga

Gróðursetningar-vélar

Lindifura, áhugaverð trjátegund

Einarslundur í Hornafirði

Skógræktarfélag Íslands 75 ára

Í tilefni 75 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands gekkst félagið fyrir átaki í söfnun nýrra félagsmanna undir yfirskriftinni: *Á grænni grein — með skógræktarfélögunum.* Viðtökur voru afar góðar og gengu um 500 einstaklingar í skógræktarfélag núna í vor.

Þessi unga fjölskylda kom við í aðstöðu skógræktarfélaganna, í Smáralind á Sumardaginn fyrsta og gekk í skógræktarfélag. Þau heita Gyða Arna Halldórsdóttir, Örn Beck Eiríksson og frumburðurinn Ágúst Beck Arnarson. Velkomin í hópinn!

Í bakgrunninum sjáum við ungar dömur hengja óskir sínar á hið vinsæla Óskatré (Mynd: Ólafía Jakobsdóttir).

www.toyota.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS - TOY 28393 - 03/2005

Nú er komið annað hljóð í strokkinn:

Þögn...

Verð: 2.630.000 kr.

Prius - Framtíðin hefst í dag

Forfeður okkar fundu upp hjólið en nú hefur Hybrid-kerfið verið fundið upp: Lykillinn að umhverfisvænum þægindum í akstri. Með Hybrid-kerfinu er Prius bæði knúinn bensínvél og rafmagnsvél. Í hægum akstri og þegar numið er staðar ræður rafmagnsvélin ríkjum. Þetta veldur því að bíllinn er afar hljóðlátur, ótrúlega sparneytinn og með útblástur í lágmarki. Þeir bjartsýnu og framsæknu sjá framtíðina fyrir sér sem veröld þæginda í heilbrigðu umhverfi. **Komdu og reynsluaktu Prius. Hann er framtíðin.**

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Félögum fjölgaði verulega í skógræktarfélögunum

Skógræktarfélögin stóðu í vor fyrir átaki í söfnun nýrra félagsmanna. Það skilaði afar góðum árangri og gengu liðlega 500 manns í skógræktarfélag í maí og júní.

Því eru nú um 7500 félagar í hinum 59 skógræktarfélögum landsins. Viljum við hjá Skógræktarfélagi Íslands þakka fyrir þennan mikla áhuga almennings og um leið óska þessa nýju félagsmenn velkomna í hópinn.

Skógræktarfélögin á höfuðborgarsvæðinu settu upp kynningarbása á nokkrum stöðum í vor. Þessi mynd er tekin á sýningunni Sumar 2005 í Fífunni í Kópavogi, en bás félaganna var afar fjölsóttur. Hér sjást gestir skrifa óskir og hengja á Óskatréð vinsæla (Mynd JGP).

Fréttablaðið Laufblaðið er sent reglulega öllum félagsmönnum. Á afmælisárinu er það einnig sent öllum skógarbændum landsins til kynningar, en með því að skrá sig í skógræktarfélag mun það berast þeim áfram. Viljum við hvetja sem flesta til þess að ganga í skógræktarfélag.

Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla skóg- og trjáræktendur

Skógræktarritið er bæði fyrir lærða og leika. Guðmundur Örn Árnason, einn okkar eldri skógfræðinga, mælir óhikað með því. Hér gluggar hann í fyrsta árgang Ársrits Skógræktarfélags Íslands, anno 1932, sem var forveri núverandi Skógræktarrits.

Í sumar fá allir nýir áskrifendur glaðning.

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.

Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands, 14. árgangur. 2. tölublað 2005.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum. Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík, sími: 551-8150, heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jón Geir Pétursson, skógfræðingur, netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Jóhann Frímann Gunnarsson.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2004.
Magnús Jóhannesson formaður, Magnús Gunnarsson varaformaður, Guðbrandur Brynjúlfsson gjaldkeri, Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari. Meðstjórnendur: Ólafía Jakobsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður Yngvadóttir. Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson, Páll Ingþór Kristinsson.

Gefið út í 8000 eintökum.

Eftirtalin fyrirtæki eru a›alstyrktara›ilar Skógræktarfélags Íslands

olís
OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800

TOYOTA

ALCAN

KB BANKI

HÚSASMIÐJAN
www.husa.is

Tæknival

POKASJÓÐUR

Lindifura

Höfum við veitt henni næga athygli ?

Haustið 1986 var ég staddur á Hallormsstað og greip þá með mér nokkra köngla sem höfðu fallið af lindifurunum sem þar standa. Úr þessum könglum fékk ég tæpan hálfan bolla af fræi, en lindifurufræ eru stórar hnetur sem um þessar mundir eru tískuvara í matargerð. Þessu fræi sáði ég þá um haustið í hálfgróinn lyngmóa. Sáningin virtist ekki ætla að bera neinn árangur enda eru furuhnetur ekki síður vinsælar hjá hagamúsum en stjörnukokkum.

Svo var það vorið 1994 að mér varð gengið þarna um móann og þegar ég var að virða fyrir mér snotra sjálfsáða birkiplöntu rak ég augun í litla furuplöntu sem var að gægjast upp úr mosanum rétt hjá birkinu. Þessi planta, sem hér fylgir mynd af, er nú orðin mannhæðar há, þ.e. 170 sm og hefur aldrei séð á henni þó að hún standi á berangri. Seinustu árin hefur meðal ársvöxturinn verið 23 sm.

Lindifurur eru með allra harðgerðustu trjám. Í Alpafjöllunum taka þær við þar sem rauðgreni og skógarfura hætta, í u.þ.b. 1700 metra hæð og vaxa í bland við lerkiskógana upp að skógarmörkum. Lindifururnar á Hallormsstað, sem fræið var af, munu vera ættaðar austan úr Síberíu. Sáð var til þeirra í byrjun 20. aldar og fóru þær að bera köngla og sá sér á 6. áratugnum. Það er mikils um vert að hafa sem fjölbreyttastan gróður í skógum og útivistarsvæðum framtíðarinnar og þá er um að gera að sniðganga ekki lindifuruna. Enda þótt hún sé kannski ekki með hraðvöxnustu trjátegundum er hún einstaklega falleg og hefur þegar sýnt að hún kann vel við sig hér á landi.

Reykjavík, 10. apríl 2005
Jóhann Pálsson

Nýjar skrifstofur Skógræktarfélags Íslands eru í þessu húsi við Skúlatún 6.

Skógræktarfélag Íslands er flutt

Á dögunum fékk Skógræktarfélag Íslands nýtt aðsetur. Húsið að Ránargötu 18 þar sem skrifstofan hefur verið í 40 ár, var selt og flutti félagið inn í Skúlatún 6 núna í lok júní.

Þar er ágæt aðstaða fyrir starfsemi félagsins á rúmgóðri skrifstofuhæð miðsvæðis í höfuðborginni. Félagið mun áfram leigja Landvernd og Fuglavernd aðstöðu.

Félagið mun halda sama síma, faxi, netfangi og tölvupósti en póstáritunin verður Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík.

Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

Sendum
Skógræktarfélagi Íslands
innilegar hamingjuóskir

HÓLASKÓLI · HÁSKÓLINN Á HÓLUM

Gróðrarstöðin Barri hf

Óskum Skógræktarfélagi Íslands til hamingju
með 75 ára afmælið

Ræktum skógarplöntur í miklum mæli

Margar tegundir og plöntugerðir

Minnum á 15% staðgreiðsluafslátt
til félaga í skógræktarfélögum

Sjá nánar á heimasíðu okkar www.barri.is eða
hafa samband með tölvupósti barri@barri.is

Símar okkar eru: 471-2370, 471-2371, 899-4371

Til hamingju með frábært starf

Sendum
Skógræktarfélagi Íslands
innilegar hamingjuóskir

GOLDFINGER

HEKK-
KLIPPUR
sniðnar að þínum þörfum.
STIHL®

GARÐHEIMAR

SKÓGARDAGUR Í HRAUNSKÓGI Í VESTMANNAEYJUM

Hópur skógræktarfélaga kom saman í júní og gróðursetti 75 trjáplöntur, í tilefni af 75 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands, svo sem gert var víða um land. Var trjánum valinn staður í skjólgóðri laut í Hraunskógi sunnan við Skansinn. Byrjað var að gróðursetja þarna árið 2000, sama ár og Skógræktarfélag Vestmannaeyja var endurreist. Hefur góður árangur náðst í hrauninu þar sem einhvers skjóls nýtur fyrir hörðustu vindáttum. Að lokinni gróðursetningu voru bornir fram drykkir og Gauja og Elli buðu upp á kleinur. Auk þess að vera virkir félagar í Skógræktarfélaginu eru þau sem kunnugt er frumherjar í nýja hrauninu og hafa gert þar garðinn sinn frægan, sem nefnist Gaujulundur. Sjást þau fyrir miðju á meðfylgjandi mynd ásamt hluta af gróðursetningarhópnum og að baki þeim þrifalegt 2ja metra hátt sitkaelri. Líklegt er að elrið bæti við sig mörgum metrum í hæð og fari innan skamms að mynda fræ og fjölga sér og verður þá hringnum lokað, ef svo má segja, því elrið er fyllilega sjálfbært og þarfnast ekki tilbúins áburðar.

Skógræktarfélag Vestmannaeyja

Þá kynnti Ólafur Lárusson nýtt merki félagsins, sem hann hefur unnið að ásamt Sæþóri Vidó (Auglýsingastofan deVido) og er fyrirmynd merkisins hæsta tré í Eyjum, sitkagrenið við Hilmisgötu og eldfjöllin tvö í baksýn.

Kristján Bjarnason,
formaður Skógræktarfélags
Vestmannaeyja.

KRAFTVÉLALEIGAN
...með réttu tækin

Tæki fyrir hvert tilefni

Leiga á vinnuvélum hentar vel fyrirtækjum, verktökum, iðnaðarmönnum og einstaklingum sem þurfa að leysa tímabundna tækjaþörf án þess að fara út í mikla fjárfestingu. Stöðugt bætast við ný tæki og er markmið okkar að bjóða upp á sérhæfð tæki og búnað.

Trjákurlari
Kurlar niður 30 cm þykka stofna
NÝTT!

Nýjasta tækið í leigunni er trjákurlari sem hægt er að draga með venjulegum fólksbíl. Einstaklega hentugur þegar kurla þarf stærri greinar og tré. Fyrir allt að 30 cm þykka stofna. Eina tæki sinnar tegundar hér á landi sem kurlar svo efnismikla stofna.

- Smágröfur
- Smáskóflur
- Beltagröfur
- Hjólagröfur
- Traktorsgröfur
- Skotbómulyftarar
- Jarðvegsfæribönd
- Beltavagnar
- Bómulyftur m/dráttarbeisli
- Skæralyftur
- Ljósaturnar
- Hekkklippur
- Keðjusagir
- Kurlarar
- Rafmagnsorf
- Bensínorf
- Stauraborar
- Laufblásarar
- Mosatætarar
- Flutningabíll með krana

KRAFTVÉLALEIGAN
Dalvegi 6-8 · Kópavogi · Sími 535 3515 · www.kraftvelar.is

Leigumarkaður garðyrkjumannsins

TIL HAMINGJU

NORÐURMJÓLK

Sendum Skógræktarfélagi Íslands
innilegar hamingjuóskir

HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

Sendum Skógræktarfélagi Íslands
innilegar hamingjuóskir

PSN
SAMSKIPTI EHF
Mýrargötu 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1800

Sláttuvélamarkaðurinn Hvellur.com,
Amerísk gæðavara – Briggs & Stratton mótorar.

HVELLUR.com
...í einum grænum

G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6, Reykjavík
Sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

Tilgangur þessa var að þeir sem eldri væru kæmu börnunum á sporið við að planta og hlúa að trjám.

Það var ákveðið að börn sem fædd eru árið 2000 kæmu og var það vel við hæfi að fá aldamótabörn í Aldamótaskóg.

Veðrið lék við þátttakendur og alls var plantað tæplega 2000 trjám. Góð mæting var bæði frá Félagi eldri borgara og einnig af leikskólunum.

Trjálundur sá sem til varð við þetta tækifæri verður helgaður þessu verkefni. Það var Bergur Pálsson, framkvæmdastjóri Félags eldri borgara, sem átti hugmyndina að þessu og er það von allra sem að þessu stóðu að framhald geti orðið næsta vor.

Sigríður H. Heiðmundsdóttir
formaður Skógræktarfélags Rangæinga.

Ungir og aldnir leggja hönd á plóg hjá Skógræktarfélagi Rangæinga

Áhugavert samstarfsverkefni Félags eldri borgara í Rangárþingi, Leikskóla Rangárþings og Skógræktarfélags Rangæinga, fór af stað á vordögum. Hinn 22. júní síðastliðinn mættu þessir aðilar í Aldamótaskóginn á Gaddstöðum við Hellu.

Íslandsmeistari í skógarhöggi

Með aukinni skógrækt í landinu og víðfeðmari skógum er skógarhögg orðin atvinnugrein sem við starfar hópur skógarhöggsmanna. Skógarhögg er vandaverk, bæði það að velja þau tré sem skal höggva og eins að bregða verkfærunum rétt. Yfirleitt eru notaðar keðjusagir sem eru handhægt verkfæri en um leið hættuleg, enda lítið mál að sníða af hönd eða fót með slíku tæki. Því er mikilvægt að þeim sé beitt af kunnáttumönnum og réttu verklagi beitt. Skógarhögg er víða um heim sérstök keppnisgrein, þar sem keppt er í beitingu keðjusaga. Slíkar keppnir eru vinsælar og oft mikið sem gengur á, á slíkum mótum.

Þann 25. júní síðastliðinn fór fram á Hallormsstað Íslandsmeistaramót í skógarhöggi, sem nú var haldið í annað sinn. Keppendur voru sex og þurftu þeir að leysa þrautir svo sem að gera við keðjusög, fella tré og uppkvista, kljúfa arinvið og saga sneiðar af bol. Var keppnin haldin í tengslum við Skógardaginn mikla á Fljótsdalshéraði, sem var skipulagður af Skógrækt ríkisins, Héraðsskógum og Félagi skógarbænda á Héraði.

Íslandsmeistari í skógarhöggi að þessu sinni varð Lárus Heiðarsson, skógverkfræðingur hjá Skógrækt ríkisins. Í öðru sæti var Eiríkur Sigfússon og þriðji var Þorsteinn Pétursson, báðir skógarbændur.

Slíkar keppnir eru haldnar víða um heim og er núverandi heimsmeistari Rússinn Ilya Shvetsor, sem keyrir Husqvarna keðjusög. Þess verður væntanlega ekki langt að bíða að Ísland sendi keppanda á heimsmeistaramótið, en í haust verður það haldið á Ítalíu og er gert ráð fyrir þátttakendum frá um 40 löndum.

STEYPUMÓT
FYRIR SUMARBÚSTAÐI

- Steypumót undir sólpallinn og sumarbústaðinn
- Smíðum eftir máli
- Fljót og góð afgreiðsla

Auglýsingastofa Þorhildar 1460,5

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4c 200 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203

Til hamingju með daginn

Nesprýði

VESTURBRAUT 10A - 230 REYKJANESBÆR - SÍMI 421 6269

Til hamingju með frábært starf

Morgunbladid

HVERAGERÐISBÆR

Sendum
Skógræktarfélagi Íslands
innilegar hamingjuóskir

KÓPAVOGUR

Minnisvarði afhjúpaður um velgerðarhjónin Andrés Gunnarsson og Aðalheiði Magnúsdóttur

Það mun hafa verið árið 1996 sem Andrés Gunnarsson vélstjóri hafði samband við Skógræktarfélag Íslands og tilkynnti um ákvörðun þeirra hjóna að arfleiða Skógræktarfélag Íslands að eigum þeirra að sér gengnum en Aðalheiður lést árið 1994. Andrés lést þann 16. maí árið 2003 þá á tíræðisaldri. Á 95 ára afmæli Andrésar, þann 29. september 1999, var ákveðið í samráði við hann og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar að stofna til lítils skógarlundar í Höfðaskógi í Hafnarfirði. Andrés kom þar ásamt ættmennum þeirra hjóna og gróðursettar voru 95 trjáplöntur af ýmsum tegundum, sem mörkuðu upphaf lundararins og gekk Andrés rösklega til verks. Árið 2002 var enn komið saman í Höfðaskógi og gróðursettar trjáplöntur í lundinn. Andrés tók þá sem fyrr rösklega á við gróðursetninguna og lét engan bilbug á sér finna.

Það var svo þann 6. júlí sl. sem afhjúpaður var minnisvarði um þau hjónin í Höfðaskógi að viðstöddu fjölmenni, aðallega venslafólki þeirra hjóna ásamt stjórnarmönnum Skógræktarfélags Íslands og starfsfólki Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, um leið og fleiri trjáplöntur voru gróðursettar í lundinn. Lundurinn verður í framtíðinni sérstaklega merktur enda liggur hann í alfaraleið og er hluti af útivistarsvæði Hafnfirðinga, skammt frá Hvaleyrarvatni. Að lokinni gróðursetningu þáðu gestir veitingar í Höfða, skógarsetri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Gróðursett var í Höfðaskóg.

Guðrún Oddgeirsdóttir, föðursystir Aðalheiðar Magnúsdóttur, afhjúpaði minnisvarðann. Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, flutti ávarp og las upp stofnskrá minningarsjóðsins. Sungið var eitt lag að lokum, að sið skógræktarmanna.

Stofnskrá minningarsjóðs Andrésar Gunnarssonar og Aðalheiðar Magnúsdóttur.

1. Stofnaður er Minningarsjóður Andrésar Gunnarssonar og Aðalheiðar Magnúsdóttur, í vörslu Skógræktarfélags Íslands.
2. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu skóg- og trjáræktar, einkum félagastarfs á vegum Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaga þess, með eftirfarandi hætti:
   - A Sjóðurinn skal kosta gróðursetningu og gerð minningarreits í Höfðaskógi í Hafnarfirði til heiðurs Andrési og Aðalheiði.
   - B Sjóðurinn skal sérstaklega styrkja verkefni aðildarfélaganna er lúta að félagslegri eflingu þeirra, s.s. að stuðla að fjölgun félagsmanna, efla innra starf félaganna, sérstaklega unglingastarf þeirra, og styðja félögin til að sækja fundi á vegum Skógræktarfélags Íslands.
   - C Þá skal sjóðurinn styrkja skilgreind verkefni er lúta að því að auka fjölbreytni gróðurs í skóglendum framtíðarinnar.
3. Höfuðstóll sjóðsins er 13 milljónir króna. Ekki skal rýra höfuðstól sjóðsins nema stjórn félagsins ákveði það.
4. Stjórn Skógræktarfélags Íslands ber ábyrgð á sjóðnum, ávöxtun hans og varðveislu.
5. Heimilt er að ráðstafa árlega allt að 70% raunvaxta sjóðsins á fyrra ári til verkefna sem áður er getið, en afgangurinn leggst við höfuðstól sjóðsins.
6. Skipuð skal 3 manna úthlutunarnefnd sem ákveður styrki úr sjóðnum og leggur fyrir stjórn Skógræktarfélags Íslands til staðfestingar. Skal úthlutunarnefnd auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum meðal aðildarfélaga Skógræktarfélags Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum skal fara fram árið 2005.
7. Í lok hvers árs skal liggja fyrir greinargerð um ráðstöfun á fé sjóðsins og gerð grein fyrir stöðu sjóðsins í ársreikningi Skógræktarfélags Íslands.

Samþykkt af stjórn Skógræktarfélags Íslands

Reykjavík 10. desember árið 2003

Ættingjar og skildmenni Andrésar fjölmenntu við gróðursetningu lundarins en trén samanstóðu af ýmsum trjátegundum sem eiga eftir að prýða umhverfið þegar fram líða stundir.

Óskum Skógræktarfélagi Íslands
til hamingju með afmælið.

Hugsaðu vel um heimili þitt.
Þú ert öðrum fyrirmynd.

MIXA • fit

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

www.vinbud.is

Endurvinnslustöðvar Sorpu á 8 stöðum á höfuðborgarsvæðinu taka við flöskum og dósum til flokkunar og endurnýtingar.

Akureyrarbær sendir
Skógræktarfélagi Íslands
hamingjuóskir

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

PSN-Samskipti 2005

SKÓGRÆKT RÍKISINS

75 ÁRA AFMÆLI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS HALDIÐ Í VINASKÓGI

75 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands var minnst í Vinaskógi, þann 25. júní sl., að viðstöddum fjölda góðra gesta. Athöfnin var einnig helguð 75 ára afmæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands og verndara Vinaskógar og 15 ára afmæli Landgræðsluskóga en Vinaskógur er einn landgræðsluskógasvæðanna.

Þó rigning væri á meðan á athöfninni stóð væsti ekki um gesti í stóru hátíðartjaldi sem reist hafði verið við aðkomuna í Vinaskóg. Rigningin var að auki kærkomin eftir alla þurrkana fyrrihluta sumars. Meðal gesta voru Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, Björn Bjarnason formaður Þingvallanefndar og dómsmálaráðherra, frú Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands og fulltrúar fjöldamargra skógræktarfélaga landsins.

Þorvaldur S. Þorvaldsson, stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Íslands, var fundarstjóri og leiddi fjöldasöng á milli dagskrárliða. Boðið var upp á veitingar og lúðrablástur Skólahljómsveitar Mosfellsbæjar.

Magnús Jóhannesson formaður Skógræktarfélags Íslands flytur afmælisávarp í Vinaskógi á Þingvöllum í tilefni 75 ára afmælis félagsins. Félagið var einmitt stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930.

Magnús Jóhannesson, formaður félagsins, setti athöfnina með ávarpi. Þar sagði hann meðal annars:

„Næstkomandi mánudag eru sjötíu og fimm ár liðin frá því að Skógræktarfélag Íslands var stofnað í Stekkjargjá á Þingvöllum. Stofnun félagsins fór fram á Alþingishátíðinni 1930 þegar íslenska þjóðin fagnaði þúsund ára afmæli Alþingis. Segja má að miðað við markmið og tilgang félagsins hafi tæpast verið hægt að velja táknrænni stað og stund fyrir stofnun þess.

Stofnun Skógræktarfélags Íslands markaði þáttaskil í íslenskri skógrækt. Sá áhugi sem kviknað hafði á skógrækt í upphafi síðustu aldar og leiddi m.a. til stofnunar Skógræktar ríkisins árið 1907, hafði dvínað mjög í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar og snerist skógræktarstarfið orðið að stærstum hluta um að vernda þær skógarleifar sem þá voru í landinu. Með stofnun félagsins tókst hinsvegar að kveikja hugsjónaeld í hreyfingu sem með elju og þrautseigju náði að efla almennan áhuga og trú á möguleikum skógræktar í landinu og snúa vörn í sókn. Og þó að það hafi tekið langan tíma, þá sjást nú um allt land mjög

Hjónin Páll Samúelsson og Elín Sigrún Jóhannesdóttir gróðursetja birkitré í Vinaskógi. Þau gáfu Skógræktarfélagi Íslands 35.000 trjáplöntur á afmælishátíðinni sem gróðursettar verða í sérstakan lund.

Fjöldi góðra gesta tók þátt í afmælisgróðursetningunni í Vinas

ánægjuleg teikn um mikil fyrirheit og góðan árangur í skógrækt.“

„Skógræktarhreyfingin er í dag lang fjölmennasta umhverfisbótahreyfing í landinu. Skógrækt skógræktarfélaganna hefur miðað vel áfram og félögin hafa komið upp skógarreitum við flesta þéttbýlisstaði landsins, sem henta vel til útivistar og eru notaðir í vaxandi mæli af íbúum byggðanna og ferðamönnum. Talið er að á vegum skógræktarfélaganna hafi verið plantað um 40 milljónum plantna í um 230 skógarreiti sem þekja um 20.000 hektara lands. Margir þessara skógarreita eru nú vinsælustu útivistarsvæðin í viðkomandi byggð. Það má því með sanni segja að menningin vaxi í lundi nýrra skóga eins og Hannes Hafstein sá fyrir sér í margrómuðu aldamótakvæði fyrir rúmlega eitt hundrað árum síðan.“

Þá tóku til máls frú Vigdís Finnbogadóttir, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og fleiri góðir gestir. Þeirra á meðal Páll Samúelsson, sem tilkynnti að fyrirtæki hans, P. Samúelsson, Toyota, myndi færa félaginu 35.000 trjáplöntur að gjöf, sem tileinkuð væri Vigdísi Finnbogadóttur og Sigurði Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóra.

Þá var gengið inn í Vinaskóg. Sem kunnugt er tók Vigdís Finnbogadóttir upp þann sið í forsetatíð sinni að bjóða erlendum þjóðhöfðingjum að gróðursetja tré í Vinaskógi og þar hafa 19 erlendir þjóðhöfðingjar plantað trjám. Þar gróðursettu gestirnir 75 falleg birkitré.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra gróðursetur birkitré. Bjarkirnar glæsilegu sem voru gróðursettar á afmælinu komu frá Gróðrarstöðinni Gróanda á Grásteinum í Mosfellsdal.

Björn Bjarnason formaður Þingvallanefndar og dómsmálaráðherra gróðursetti ásamt Rut Ingólfsdóttur konu sinni. Vinaskógur er nú innan Þingvallaþjóðgarðs.

skógi.

Meðal góðra gesta á afmælishátíðinni voru þær Vigdís Finnbogadóttir, Margrét Guðjónsdóttir frá Dalsmynni og Pálína Hermannsdóttir.

Bakhjarlar Skógræktarfélags Íslands á 75 ára afmælinu

Skógræktarfélag Íslands byggir starfsemi sína að miklu leyti á velvild fyrirtækja. Bakhjarlar á 75 ára afmæli félagsins eru nokkur af traustustu fyrirtækjum landsins eða Eimskip, Olís, Toyota, Bræðurnir Ormsson og Húsasmiðjan. Félagasamtök eins og skógræktarfélögin eiga mikið undir að eiga slíka bakhjarla.

Á afmælishátíðinni í Vinaskógi mættu fulltrúar þessara fyrirtækja til að taka þátt í hátíðargróðursetningunni.

Eimskip

Eimskip (Eimskipafélag Íslands hf.) hefur stutt skógrækt og uppgræðslu í landinu um árabil. Fyrirtækið átti til að mynda stærstan hluta í því að fjármagna Landgræðsluskógaverkefnið í tengslum við landssöfnunina árið 1990. Starfsmenn félagsins hafa einnig um árabil komið í heimsókn í skóg SÍ í Brynjudal á aðventunni í jólatrjáaferð.

OLÍS

OLÍS (Olíuverzlun Íslands hf.) hefur verið í fararbroddi fyrirtækja sem leggja skóg-

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

Reykjavík
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Brunamálastofnun, Skúlagötu 21
Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
Eggert Kristjánsson hf, Sundagörðum 4
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Feró ehf, Steinaseli 6
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Fönix ehf, heimilistækjaverslun, Hátúni 6a
Garðyrkjufélag Íslands, Frakkastíg 9
Garðyrkjuþjónustan ehf, Bólstaðarhlíð 35
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Hringrás ehf, Klettagörðum 9
Internet á Íslandi hf, Dunhaga 5
Íslandsferðir ehf, Lágmúla 4
Ísól ehf, Ármúla 17
Ístak hf, Engjateigi 7
Johan Rönning hf, Sundaborg 15
KPMG endurskoðun hf, Borgartúni 27
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lýsing hf, Suðurlandsbraut 22
Ottó B. Arnar ehf, Ármúla 29
Plastprent hf, Fosshálsi 17-25
Rannsóknamiðstöð Íslands, Laugavegi 13
Ráðhús Reykjavíkur, Ráðhúsinu
Ríkisendurskoðun, Skúlagötu 57
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Samiðn, Borgartúni 30
Securitas hf, Síðumúla 23
Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8
Skógrækt ríkisins Mógilsá, Mógilsá
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Sumarhúsið og garðurinn ehf, Síðumúla 15
Tryggingamiðstöðin, Aðalstræti 6
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9
Veiðimálastofnun, Vagnhöfða 7
Veitingahúsið Jómfrúin ehf, Lækjargötu 4
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
Verðbréfastofan hf, Suðurlandsbraut 18
Vinnuskóli Reykjavíkur, Skúlagötu 19
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ. Þorgrímsson og co ehf, Ármúla 29
Þór Snorrason, skrúðgarðyrkjumeistari,
Hverafold 32

Seltjarnarnes
Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Kópavogur
Byggðaþjónustan ehf, Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi,
Vatnsenda
Gunnarshólmi grasavinafélag ehf, Gunnarshólma
Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg
Landmótun ehf, Hamraborg 12
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2
Stanislas Bohic garðhönnun, Smiðjuvegi 11
Verkfræðistofan Hamraborg sf, Hamraborg 10
Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær
Blómaverslunin Garðablóm, Garðatorgi 3
Fag-val ehf, Smiðsbúð 4
Garðyrkjustjóri Garðabæjar, Garðatorgi 7

Hafnarfjörður
Alexander Ólafsson ehf, Hvaleyrarbraut 37
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Skógræktarfélag Hafnarfjarðar, Skúlaskeiði 32
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Trégaur ehf, Suðurgötu 31

Keflavík
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14

Keflavíkurflugvöllur
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, Flugstöð
Leifs Eiríkssonar
Íslenskur markaður ehf, Leifsstöð

Grindavík
Þorbjörn Fiskanes hf, Hafnargötu 12

Sandgerði
Gróðrarstöðin Glitbrá ehf
Stafnesvegi 22
Sandgerðisbær, Tjarnargötu 4

Garður
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

Njarðvík
Verkfræðistofa Njarðvíkur, Brekkustíg 39

Mosfellsbær
Kjósahreppur, Félagsgarði
Mottó ehf, Flugumýri 14
Reykjabúið hf, Suðurreykjum 1
Skógræktarfélag Mosfellsbæjar, Grundartanga 1

Akranes
Innri-Akraneshreppur, Heynes II
Skilmannahreppur, Innri Mel 2
Skógræktarfélag Akraness, Jörundarholti 122

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyrargötu 3
Gámaþjónusta Vesturlands ehf, Sólbakka 9
Kolbeinsstaðahreppur, Ásbrún
Sindri Arnfjörð, garðyrkjumaður, Laufskálum 1
Skógræktarfélag Borgfirðinga, Brúarlandi

ræk og uppgræðslu landsins lið. Fyrirtækið átti stóran þátt í að koma verkefni skógræktarfélaganna, Opinn Skógur á laggirnar, en á vegum þess hafa fjölmörg skóglendi skógræktarfélaganna verið opnuð almenningi.

Ormsson

Stuðningur fyrirtækisins Bræðurnir Ormsson hf. við skógræktarstarfið á sér langa sögu og hefur snert mörg verkefni. Karl Eiríksson forstjóri fyrirtækisins um árabil, er mikill áhugamaður um skógrækt og beitti sér fyrir myndarlegum stuðningi við skógræktarfélögin. Nýir eigendur fyrirtækisins hafa tekið upp þráðinn og leggja Skógræktarfélagi Íslands lið á afmælisárinu.

Húsasmiðjan

Húsasmiðjan hefur tekið þátt í því að merkja svæði skógræktarfélaganna um landið með veglegum skiltum. Grænu skógarskiltin eru núna um 100 talsins og eru tákn um að viðkomandi skógræktarsvæði sé opið öllum almenningi til útivistar.

TOYOTA

Samstarf Skógræktarfélags Ísland og Toyota umboðsins, P. Samúelsson hf., hefur staðið óslitið í liðlega áratug. Fyrirtækið hefur lagt félaginu lið með bifeiðum og fjárstuðningi við ýmis framfaramál. Starfsmenn TOYOTA hafa einnig tekið þátt í skógrækt í Brynjudal og sótt sér þangað jólatré á aðventunni. Á afmælishátíðinni í Vinaskógi færði Páll Samúelsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, Skógræktarfélagi Íslands að gjöf 35.000 plöntur sem fjallað er betur um annarrs staðar í blaðinu.

Búðardalur
Mjólkursamlagið Búðardal, Brekkuhvammi 15

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Flateyri
Skógræktarfélag Önundarfjarðar, Hjallavegi 3

Patreksfjörður
Félag skógarbænda á Vestfjörðum, Seftjörn
Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Brunnum 6
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður
Miðvík ehf, Túngötu 44

Skagaströnd
Höfðahreppur, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Siglufjörður
Skógræktarfélag Siglufjarðar, Fossvegi 29

Akureyri
Brim hf, Fiskitanga 4
Gróðrastöðin Réttarhóli, Smáratúni 16b
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Orlofsbyggðin Illugastaðir, Skipagötu 12-14
Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9
Verkfræðistofan Raftákn hf, Glerárgötu 34

Dalvík
Daltré ehf, Böggustaðir

Húsavík
Guðmundur Hallgrímsson, Grímshúsum
Langanes hf, útgerð, Skólagarði 6

Laugar
Þingeyjarsveit, Kjarna

Mývatn
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

Kópasker
Öxarfjarðarhreppur, Bakkagötu 10

Þórshöfn
Þórshafnarhreppur, Langanesvegi 2

Vopnafjörður
Skógræktarfélagið Landbót, Lónabraut 18
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Búnaðarfélag Hliðarhrepps, Skriðufelli
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Laufskógum 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi 1
Skógræktarfélag Austurlands, Hallormsstaðarskóla
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Reyðarfjörður
Skógræktarfélag Reyðarfjarðar,

Neskaupstaður
Fjarðabyggð, Egilsbraut 1

Breiðdalsvík
Óskaup ehf, Ásvegi 19

Höfn
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Garðyrkjustöðin Kvistar ehf, Biskupstungum
Umhverfisdeild Árborgar, Austurvegi 2, Ráðhúsi

Hveragerði
Eldhestar ehf, Völlum
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38

Þorlákshöfn
Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Eyrarbakki
Búnaðarfélag Eyrarbakkahrepps, Sandi

Laugarvatn
Gróðrastöðin Laugarströnd, Laugarströnd

Flúðir
Flúðafiskur, Borgarási
Garðyrkjustöðin Jörfi, Flúðum Hrunamannahreppi
Gróðrastöðin Hvammi 2
Grænt Land umhverfisþjónusta, Sneiðin 5

Hella
Sæberg ehf, bifreiðaverkstæði, Lyngási
Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur
Byggðarsafnið í Skógum, Skógum
Rangárþing eystra, Hlíðarvegi 16

Vík
Byggingafélagið Klakkur ehf, Smiðjuvegi 9

Kirkjubæjarklaustur
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

Vestmannaeyjar
Garðyrkjustjóri Vestmannaeyjabæjar, Áhaldahúsinu við Heiðarveg

Einarslundur í Hornafirði

Einarslundur er trjálundur sem Félag fuglaáhugamanna Hornafirði hefur fengið til umráða. Einar Hálfdánarson, skógræktaráhugamaður á Höfn, byrjaði að planta trjám við Miðfjárhúsahól um eða uppúr 1950. Hann hefur nú ánafnað félaginu trén og á vordögum var gerður samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um svæðið í kringum lundinn.

Einar Hálfdánarson fæddist á Fagurhólsmýri í Öræfum 4. júní 1920. Eftir að Einar settist að á Höfn fékk hann mikinn áhuga á skógrækt og má telja hann fyrsta skógræktarmanninn á Höfn. Hann var um tíma formaður Skógræktarfélags Austur-Skaftafellssýslu og áberandi í starfi félagsins um árabil. Um 1950 byrjaði Einar að planta trjám við Miðfjárhúsahól á Höfn og um tíu árum síðar við Hellisholt á Mýrum, þar sem hann kom sér einnig upp sumarbústað. Lundurinn við Miðfjárhúsahól er yfirleitt kallaður Einarslundur en margir þekkja hann undir nafninu Ugluskógur. Í Einarslundi er mest af barrtrjám en einnig nokkuð af lauftrjám. Margar tegundir fugla hafa sést í og við lundinn og finnast þar stokkandar- og skógarþrastarhreiður á hverju ári. Af sérstæðum tegundum sem þar hafa sést má nefna norðsöngvara *(Phylloscopus borealis),* húmgala *(Luscinia luscinia),* skógtittling *(Anthus hodgsoni)* og músvák *(Buteo buteo).*

Fuglaáhugamenn á Höfn hafa verið tíðir gestir í Einarslundi um árabil og er óhætt að fullyrða að Einari hafi ekki leiðst þær gestakomur. Eftir að hann dró sig í hlé frá daglegu amstri af heilsufarsástæðum, var honum því ljúft að afhenda Félagi fuglaáhugamanna lundinn sinn til eignar og umráða.

Hægt er að fylgjast með fuglum í skóginum á vefsíðunni www.fuglar.is, sem Félag fuglaáhugamanna á Hornafirði heldur úti.

Sigurður Hannesson, Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

ORKUGJAFAR

Sögur herma að skógur hafi verið nýttur til eldiviðar m.a. til að hita upp híbýli manna svo og til eldunar og þvotta.

Orkugjafi nútímans, rafmagnið, gerir eldiviðarnotkun óþarfa.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag

- Prentsmiðjan Viðey ehf.
- Héraðsskógar
- Sveitarfélagið Ölfus
- Sparisjóður Norðlendinga
- VISA
- Landgræðsla ríkisins
- Skv Skagafjarðarveitur ehf.
- Ferðafélag Íslands
- Spron Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
- Bakkavör
- Actavis hagur í heilsu
- Landbúnaðarháskóli Íslands
- Garðmenn ...gerum garðinn frægan!
- Mjólkurbú Flóamanna
- Meistarafélag Húsasmiða
- Húsavíkurbær
- Olís
- Hótel Geysir www.geysircenter.is
- Eimskip Greið leið
- Rangárþing Ytra
- PricewaterhouseCoopers
- Garðyrkjufélag Íslands 1885
- FIT Félag iðn- og tæknigreina
- Siglufjarðarkaupstaður
- Hafnarfjarðarbær
- Sparisjóður Mýrasýslu
- Skógræktarfélag Austurlands Stofnað 1938
- Girðir
- Frjó hf
- Sorpstöð Suðurlands

Skógrækt í sátt við umhverfið

Aðgengilegar leiðbeiningar um nýræktun skóga á netinu

Skógar þekja afar lítinn hluta Íslands. Mikill áhugi er fyrir því að auka útbreiðslu skógarleifanna og rækta nýja skóga þar sem hentar. Skógrækt er því viðfangsefni þúsunda einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana í dag. Skógrækt hefur vaxið hröðum skrefum undanfarin ár.

Skógrækt veldur breytingum. Því er afar mikilvægt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og eins að hún raski ekki náttúrueða menningarminjum.

Um þessi mál hefur verið töluverð umræða í þjóðfélaginu undanfarin ár, þar sem komið hafa fram áhyggjur af árekstrum skógræktar, náttúruverndar og fornleifaverndar. Kallað hefur verið eftir skýrum leiðbeiningum um nýræktun skóga þar sem tekið sé tillit til sem flestra þátta náttúru- og minjaverndar.

Til þess að stuðla að því kallaði Skógræktarfélags Íslands þverfaglegan starfshóp fólks frá helstu hagsmunaðilum, bæði opinberum stofnunum og frjálsum félagasamtökum, til að vinna að gerð handhægra leiðbeininga varðandi þessi atriði:

Leitað var til eftirtalinna aðila og tilnefndu þeir þessa einstaklinga í starfshópinn;

Skógræktarfélag Íslands
Jón Geir Pétursson verkefnisstjóri,
Einar Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir

Fornleifavernd ríkisins
Agnes Stefánsdóttir

Fuglaverndunarfélagið
Einar Þorleifsson

Landvernd
Heiðrún Guðmundsdóttir

Landshlutabundin skógræktarverkefni, Héraðsskógar og Austurlandsskógar, Norðurlandsskógar, Skjólskógar á Vestfjörðum, Vesturlandsskógar og Suðurlandsskógar
Sherry Curl

Viðstaddir opnunina voru m.a. þrír menn sem gegnt hafa starfi forstöðumanns á Mógilsá, þeir Aðalsteinn Sigurgeirsson núverandi forstöðumaður, Jón Gunnar Ottósson forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og Árni Bragason forstöðumaður náttúruverndarsviðs

Náttúrufræðistofnun Íslands
Sigurður H. Magnússon

Skógrækt ríkisins
Brynjar Skúlason (til 1. jan 2005),
Arnór Snorrason (Mógilsá), Hallgrímur Indriðason (frá 1. jan 2005)

Umhverfisstofnun
Trausti Baldursson

Starfshópurinn hefur nú samið og sett fram leiðbeiningar, sem hann kallar: **Leiðbeiningar um nýræktun skóga – Skógrækt í sátt við umhverfið.** Við gerð þessara leiðbeininga hefur upplýsingatækninni verið beitt og efnið unnið með framsetningu á vefnum í huga. Þannig er reynt að stuðla að því að sem flestir tileinki sér þau vinnubrögð sem lögð eru til. Einnig er þannig hægt að uppfæra efnið að nýjum aðstæðum. Tengil inn á efnið er að finna á heimasíðunni www.skog.is

Vefurinn var opnaður formlega í vor af Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra og Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra.

Leiðbeiningavefurinn var formlega opnaður nú í vor af Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra og Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra og hefur verið fjölsóttur síðan.

Teljum við þessa vinnu verulegan áfanga í því að skapa sátt um framgang skógræktar í landinu. Með því að bjóða öllum þessum ólíku aðilum að borðinu, hafa orðið til heildstæðar leiðbeiningar sem allt skógræktarfólk þarf að kynna sér gaumgæfilega – Skógrækt í sátt við umhverfið.

Þarfaþing

Aðgengilegur trjákurlari

Nýverið fékk fyrirtækið Kraftvélaleigan öflugan trjákurlara sem kurlar allt frá smæstu greinum upp í boli sem eru um 30 cm í þvermál. Laufblöðungur fékk að prófa tækið og stóð það vel undir væntingum. Kurlarinn vegur rúm tvö tonn og er á tveim hásingum og með dráttarbeisli, líkt og flestar stærri jeppakerrur. Hann er knúinn 85 hestafla dísilvél og með sjálfvirka mötun sem dregur boli og greinar fyrir hnífana sem skera þvert á bolina. Afurðin er kurl eins og kurl á að vera. Sjálfvirk kúpling rýfur samband vélar og kurlara þegar snúningur vélar er orðinn of hægur og tengir jafnharðan þegar nægum snúningshraða er náð. Þannig þrælast sverustu tré í gegn með stuttum hléum. Öryggisbúnaður við inn-mötun er mjög góður. Tækið er mjög einfalt í notkun og tók það aðeins fáeinar mínútur að læra á það. Það hentar jafnt garðeigendum, sem þurfa að grisja garðinn sinn, sem stærri skógareigendum, s.s. skógræktarfélögum sem ættu nú að hugsa sig tvisvar um áður en fjárfest er í kurlara. Kraftvélaleigan er tilbúin að leigja tækið hvert á land sem er og leigugjaldi er stillt í hóf.

Nokkur skógræktarfélög hafa nú þegar hagnýtt sér þetta tæki með góðum árangri.

Einar Gunnarsson Skógræktarfélagi Íslands.

Kurlið er upplagt á trjábeð í garða. Eins er það upplagt til göngustígagerðar á sumarbústaðalóðum. Mynd EG.

Trjásafnið á Sólheimum er glæsilegt og er góður vettvangur þess að fræðast um hinar ýmsu trjá- og runnategundir. Mynd: JFG/JG

Trjásafn opnað á Sólheimum í Grímsnesi

Nú á dögunum var opnað trjásafn á Sólheimum í Grímsnesi. Í safninu eru 48 tegundir af trjám og runnum, sem flestar hafa verið notaðar árum saman, en aðrar eru sjaldgæfari, t.d. Snæreynir og Blæölur, en hafa lofað góðu við prófanir. Trjásafnið er staðsett fyrir ofan Skógræktarstöðina Ölur sem rekin er á Sólheimum.

Framkvæmdaraðili verksins er Skógræktarstöðin Ölur en Jónas Vignir Grétarsson forstöðumaður hennar á allan veg og vanda að verkinu. En trjásafnið er unnið út frá hugmyndum hans og reynslu.

Trjásafninu er ætlað að hafa fræðslu- og skemmtanagildi fyrir gesti og gangandi sem heimsækja Sólheima.

Hallormsstaður í Skógum

Saga og náttúra höfuðbóls og þjóðskógar

eftir Hjörleif Guttormsson, Sigurð Blöndal og fleiri

Stórglæsileg myndskreytt bók í stóru broti yfir 300 blaðsíður kemur út hjá Máli og menningu haustið 2005 en þá verður öld liðin frá því landssjóður fékk jörðina Hallormsstað til umráða og ráðist var í að friða Hallormsstaðaskóg. Í bókinni verður rakin saga þessa landsþekkta höfuðbóls, menntaseturs og stærsta þjóðskógar á Íslandi og greint frá niðurstöðum nýrra rannsókna á jarðsögu, fornleifum og skógvistfræði. Einnig verður í ritinu fjöldi hagnýtra upplýsinga fyrir útivistar- og ferðafólk með uppdráttum og leiðsögn um land Hallormsstaðar og næsta nágrenni.

Áskrifendur fá nöfn sín birt í heillaóskaskrá (tabula gratulatoria) fremst í ritinu og gefst þeim kostur á að eignast bókina á hagstæðu tilboðsverði sem er kr. 4.200.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Kristinn Richardsson hjá Eddu útgáfu í síma 522 2067 eða kristinn.richardsson@edda.is

Mál og menning
edda.is

Heppinn áskrifandi að Skógræktarritinu hlýtur utanlandsferð

Ert þú ekki örugglega áskrifandi að Skógræktarritinu?

Þann 22. júlí voru dregin út nöfn nokkurra heppinna áskrifenda Skógræktarritsins.

Skógræktarritið hefur stundum, í gamni, verið nefnt Biblía skógræktarmanna. Því þótti við hæfi að leita eftir liðsinni Jóns Pálssonar, framkvæmdastjóra Hins Íslenska Biblíufélags, við útdráttinn. Hann tók þeirri ósk með ljúfmennsku. Jón var reyndar fyrsti ritstjóri Laufblaðsins, fréttablaðs skógræktarfélaganna.

Guðríður Bjarnadóttir í Vestmannaeyjum hlaut Nýfundnalandsferð með skógræktarmönnum í ágúst nk.

Guðríður reyndist stödd í Reykjavík með eiginmanninum, á leið í sumarbústað á Þingvöllum. Hún var að vonum ánægð og þau hjón mættu á nýja skrifstofu Skógræktarfélags Íslands að Skúlatúni 6 og tók Guðríður við ávísun á ferðina.

Við óskum henni innilega til hamingju.

Þá hljóta eftirtaldir trjáplöntubakka:

Erling Auðunsson, Laugabrekku 32, Kópavogi,
Guðjón Guðjónsson, Suðurvegi 9, Skagaströnd,
Gunnar Ásgeir Gunnarsson, Hýrumel, Reykholti,
Jóhanna Thorsteinsson, Álfatúni 7, Kópavogi,
Jóhannes Sigmundsson, Syðra-Langholti, Flúðum,
Pálmey Ottósdóttir, Breiðvangi 36, Hafnarfirði,
Sigurbjörg Gísladóttir, Heiðmörk 48, Hveragerði,
Sigurður Grendal Magnússon, Blönduhlíð 5, Reykjavík,
Svanlaug Adolfsdóttir, Minna-Hofi, Hellu,
Þórður Ármannsson, Þórunnarstræti 130, Akureyri.

Guðríður Bjarnadóttir í Vestmannaeyjum, áskrifandi Skógræktarritsins, hlaut Nýfundnalandsferð. Henni við hlið er eiginmaðurinn, Lárus Gunnólfsson. Mynd: JGF

Ritstjóri Skógræktarritsins, Brynjólfur Jónsson og Jón Pálsson framkvæmdastjóri Hins Íslenska Biblíufélags, sem annaðist útdráttinn. Mynd: JGF

Eftirtaldir fá 10 árganga Skógræktarritsins:

Albert H N Valdimarsson, Öldugötu 13, Hafnarfirði,
Ásmundur Kjartansson, Gautlandi 9, Reykjavík,
Bjarni H Johansen, Fljótstungu, Reykholti,
Elísabet Hrönn Hjálmarsdóttir, Herjólfsgötu 24, Hafnarfirði,
Gréta Þuríður E Pálsdóttir, Birkibergi16, Hafnarfirði,
Grétar Haraldsson, Króktúni 1, Hvolsvelli,
Guðný María Sigurðardóttir, Ærlæk, Kópaskeri,
Halldór Elís Guðnason, Efra-Seli 2, Flúðum,
Hrefna Hannesdóttir, Hoflundi 8, Garðabæ,
Sigríður Daníelsdóttir, Þorsteinsgötu 6, Borgarnesi.

Þá hljóta eftirtaldir Frækornsmöppu, með öllum útkomnum Frækornum:

Einar Halldórsson, Kúskerpi, Varmahlíð,
Guðlaugur Jón Úlfarsson Stekkjarbergi 4, Hafnarfirði,
Guðmundur Óli Kristinsson, Hlíðarstræti 7, Bolungarvík,
Gunnhildur Ásgeirsdóttir, Álfkonuhvarfi 7, Kópavogi,
Halldór Friðriksson, Núpabakka 15, Reykjavík,
Halldóra Játvarðardóttir, Miðjunesi, Reykhólahreppi,
Hallgrímur Þorgilsson, Daðastöðum, Húsavík,
Hildur Traustadóttir, Hvanneyrargötu 8 b, Borgarnesi,
Jóhanna Björgvinsdóttir, Kjarrmóa 5, Reykjanesbæ,
Jón Ingimarsson, Lönguhlíð 8, Bíldudal,
Kolbrún Sigurðardóttir, Háabergi 17, Hafnarfirði,
Pétur Ástbjartsson, Tröllateigi 20, Garðabæ,
Pétur Ingvarsson, Heiðarbrún 29, Hveragerði,
Sigurjón Elíasson, Lækjargötu 8, Hafnarfirði,
Siv Annika Rosén, Ysta-Skála 2, Hvolsvelli,
Snæbjörn Þórðarson, Steinahlíð 7 a, Akureyri,
Steinunn Þórarinsdóttir, Heiðarbrún 31, Hveragerði,
Valdimar Trausti Ásgeirsson, Auðkúlu 1, Blönduósi,
Viggó K Þorsteinsson, Fögrukinn 15, Hafnarfirði,
Þorlákur Þorláksson, Tómasarhaga 47, Reykjavík.

Skógræktarrit og Frækornsmöppur verða sendar handhöfum. Haft verður samband við þá er hljóta plöntubakka á næstu dögum.

Við óskum vinningshöfum öllum til hamingju.

Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk
Stjörnugróf 18 * Sími 581 4550 * Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

allt á einum stað

Bo concept heimili

ARAN CUCINE eldhús

skrifstofa

INNX

InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is

Bjarni Finnsson formaður sjóðsins stýrði úthlutuninni. *Mynd JGP*

Pokasjóður úthlutar

Pokasjóður verslunarinnar úthlutaði um 100 milljónum króna í vor til ýmissa þjóðþrifaverkefna í samfélaginu. Þessi smávægilega upphæð sem hver plastpoki kostar rennur greinilega til ýmissa þjóðþrifaverkefna. Skógræktarfélag Íslands fékk 6 milljóna styrk að þessu sinni og nokkur skógræktarfélög fengu einnig beinan styrk úr Pokasjóði.

Úthlutun pokasjóðs fór fram í flugskýli á Reykjavíkurflugvelli.

Gróðursetningarvélar auka afköst

Undanfarið hefur verið prófuð amerísk vél, í eigu Lækjarmótsfeðga, við gróðursetningu í Þjórsárdal. Er um að ræða litla vél sem gróðursetur án þess að raska mikið yfirborði. Hefur vélin reynst ágætlega á uppgræddum söndum Þjórsárdals. Vélin skilar plöntunum djúpt og örugglega ofan í vikurinn og eru afköst mjög góð. Hafa Lækjarmótsmenn náð að gróðursetja allt að 18 þúsundir plantna á dag með vélinni þar sem aðstæður eru góðar.

Meðfylgjandi mynd sýnir þátttakendur, í kynnisferð um væntanlegt Hekluskógasvæði, skoða gróðursetningarvélina við störf í Þjórsárdal.

Hreinn Óskarsson,
Skógarvörður, Skógrækt ríkisins, Suðurlandi.

Í DAG ER SÚKKULAÐI HEITT

Fátt yljar köldum kroppi jafn mikið í útilegunni og bolli af ekta heitu Síríus súkkulaði. Það er afar einfalt að búa til slíkan súkkulaðidrykk. *Ein súkkulaðiplata (100 g) er brotin í mola og leyst upp í svolitlu vatni (einum kaffibolla eða tveimur) við hægan hita. Einn lítri af mjólk er hitaður að suðumarki, honum er hellt saman við smátt og smátt og hrært í á meðan. Þá er drykkurinn tilbúinn. Gætið þess að ílátin sem notuð eru beri ekki keim af neinu sem áður var soðið í þeim.*

NÓI SÍRÍUS

Er garðurinn þinn áburðarþurfi?

Áburðarverksmiðjan óskar Skógræktarfélagi Íslands til hamingju með 75 ára afmælið!

Áburðarverksmiðjan

Beinn sími söludeildar: 580 3232
www.aburdur.is

4,15% Íbúðalán SPRON

öllum opin

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Viltu endurfjármagna?

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

Ertu að kaupa íbúð?

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert